



UST202010-229

# STARFSLEYFI

*Móttöku-, flokkunar- og brennslustöð***[Kalka Sorpeyðingarstöð sf.]<sup>1</sup>**

[Lögheimili: Berghólabraut 7, 230 Reykjanesbær  
Starfsstöð: Berghólabraut 7, 7a og Fitjabraut 10, 230 Reykjanesbær]<sup>2</sup>  
Kt.: 531278-0469

## 1. ALMENN ÁKVÆÐI

### 1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir [Kölkú Sorpeyðingarstöð]<sup>3</sup> sf., kt. 531278-0469, fyrir meðferð og förgun úrgangsefna á athafnasvæði sorpbrennslustöðvarinnar að [Berghólabraut 7, geymsluaðstöðu að Berghólabraut 7a og að Fitjabraut 10, 230 Reykjanesbæ]<sup>4</sup>. Komi nýr aðili að rekstrinum getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á sig án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi [...]<sup>5</sup>.

[Kölkú Sorpeyðingarstöð]<sup>6</sup> sf. er hér eftir nefnd rekstraraðili.

Rekstraraðili getur falið verktaka að annast fyrir sig verk, enda hafi hann þá gengið úr skugga um að viðkomandi hafi öll tilskilin leyfi. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfis þessa sé fylgt.

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og haga starfsemi í samræmi við gildandi deiliskipulag.

### 1.2 Umfang starfseminnar

Heimilt er að taka á móti allt að 25.000 tonnum af úrgangi á ári. Heimilt er að brenna 1,7 tonn á klukkustund af brennanlegum úrgangi miðað við orkuinnihald 12.500 kJ/kg. Starfsemin skiptist í eftirfarandi þætti:

1. brennslu hvers konar heimilis- og rekstrarúrgangs, sem ekki flokkast sem spilliefni
2. brennslu eldfims, fljótandi úrgangs, þ.m.t. olíuúrgangs eins og hann er skilgreindur í 3. gr. reglugerðar nr. 809/1999 um olíuúrgang

<sup>1</sup> Breyting 2021. Hér stóð áður: „Sorpeyðingarstöð Suðurnesja“.

<sup>2</sup> Breyting 2021. Hér stóð áður: „Helguvík, Reykjanesbæ“.

<sup>3</sup> Breyting 2021. Hér stóð áður: „Sorpeyðingarstöð Suðurnesja“.

<sup>4</sup> Breyting 2021. Bætt við geymsluaðstöðunni að Berghólabraut 7a.

<sup>5</sup> Breyting 2021. Hér stóð áður: „, sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun“.

<sup>6</sup> Breyting 2021. Hér stóð áður: „Sorpeyðingarstöð Suðurnesja“.

3. brennslu eldfims, fljótandi úrgangs sem veldur ekki annarri losun í útblásturslofti, en þeirri sem stafar frá gasolíu við brennslu í stöðinni
4. brennslu allt að 400 tonna af sóttmenguðum sjúkrahúsúrgangi á ári, að undanskyldum smitefnum í flokki A sbr. reglur Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar. Sjá nánar í viðauka 2.
5. brennslu allt að 1000 tonna af brennanlegum spilliefnum
6. móttöku, söfnun, flokkun, pökkun og flutning spilliefna sem til falla á þjónustuvæði [Kölku sorpeyðingarstöðvar sf.]<sup>7</sup> í móttöku- og flokkunarmiðstöð og ekki er brennt í brennslustöðinni
7. móttöku, söfnun, flokkun, pökkun og flutning annars úrgangs sem til fellur á þjónustuvæði [Kölku sorpeyðingarstöðvar sf.]<sup>8</sup> í móttöku- og flokkunarmiðstöð og ekki er brennt í brennslustöðinni
8. meðferðar og brennslu dýraleifa, matarafanga frá skipum og flugvélum og annars sambærilegs úrgangs sem þarfnast eyðingar

Óheimilt er að geyma úrgang á athafnasvæðinu, nema þann sem tilgreindur hefur verið hér að ofan.

Móttaka geislavirks úrgangs og sprengiefna er bönnuð.

Magni úrgangs sem geymt er á athafnasvæði rekstraraðila skal haldið í lágmarki og skal það aldrei verða svo mikið að hætta skapist. Magn brennanlegs úrgangs á athafnasvæðinu skal ekki fara yfir 2000 rúmmetra hverju sinni.

[Móttaka aukaafurða dýra skal uppfylla skilyrði í reglugerðar nr. 674/2017, sbr. reglugerð (EB) nr. 1069/2009. Berist úrgangur sem óheimilt er að taka við eða telst ófullnægjandi í vinnslu ber að meðhöndla hann í samræmi við lög og reglugerðir.]<sup>9</sup>

### 1.3 Eftirlit

[Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við XIV. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, XIII. kafla laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og X. kafla reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Tímabilið milli tveggja vettvangsheimsóknna við eftirlit skal byggt á áhættumati, sbr. 54. gr. laga nr. 7/1998 og 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlit felst í umsjón með lögbundnum skilum, yfirferð og mati á gögnum. Jafnframt felst eftirlit í yfirferð gagna og reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda og fyrirspurna. Eftir hvert eftirlit tekur eftirlitsaðili saman skýrslu. Skýrslan skal vera gerð aðgengileg á heimasíðu Umhverfisstofnunar, nánar á vefsíðu eftirlitsaðila, eftir að rekstraraðili hefur fengið tækifæri til að koma að athugasemdum og brugðist hefur verið við þeim. Athugasemdirnar skulu eftir atvikum birtar með skýrslunni.

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á sviði starfseminnar er eftirlitsaðila heimilt að beita úrræðum skv. gr. 1.7 og gildandi lögum og reglugerðum.

<sup>7</sup> Breyting 2021. Hér stóð áður: „Sorpeyðingarstöð Suðurnesja“.

<sup>8</sup> Breyting 2021. Hér stóð áður: „Sorpeyðingarstöð Suðurnesja“.

<sup>9</sup> Breyting 2021. Viðbót.

Viðbótareftirlit getur farið fram m.a. vegna nýs búnaðar, til rannsóknar á alvarlegum ábendingum vegna umhverfisins, alvarlegum umhverfisslysum, óhöppum og tilvikum þar sem reglum er ekki fylgt eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

Eftirlitsaðila skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku, sbr. 62. gr. laga nr. 7/1998.]<sup>10</sup>

#### 1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita útgefanda starfsleyfis upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. [1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 550/2018]<sup>11</sup>. Á grundvelli þeirra metur stofnunin hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi, sbr. 2. mgr. [13. gr.]<sup>12</sup> reglugerðarinnar.

#### 1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar

Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar skal vera til staðar og fjalla skal þar annars vegar um tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun. Í áætlun skal gera grein fyrir hvernig gengið skuli frá tækjum, útbúnaði, húsnæði, rekstrarsvæði, geymum, lögnum og efnum. Í áætluninni skal alltaf gengið út frá því að lágmarka möguleg mengunaráhrif. Varanleg rekstrarstöðvun skal tilkynnt eftirlitsaðila með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara eða þegar ákvörðun liggur fyrir. Við lok rekstrar skal rekstraraðili tilkynna eftirlitsaðila um aðgerðir sínar samkvæmt áætluninni innan þriggja mánaða frá því að þeim lýkur.

#### 1.6 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið að jafnaði á fjögurra ára fresti, sbr. [15. gr. laga nr. 7/1998 og 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018]<sup>13</sup>. Einnig er skylt að endurskoða starfsleyfið ef forsendur rekstrarins breytast með eftirfarandi hætti, sbr. [14. gr. reglugerðar nr. 550/2018]<sup>14</sup>:

- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningaskyld er sbr. gr. 1.4.
- Ef öryggi við rekstur krefst þess að önnur tækni sé notuð en upphaflega var miðað við í starfsleyfinu.
- Ef mengun af völdum rekstrarins er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út eða ef vart verður mengunar sem ekki var gert ráð fyrir við útgáfu leyfisins.
- Ef breytingar verða á bestu [aðgengilegu]<sup>15</sup> tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu [aðgengilegu]<sup>16</sup> tækni skal rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun sem fjallar um með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt.
- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn. Rekstraraðila er þó ætíð skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. gr. 1.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

<sup>10</sup> Breyting 2021. Uppfærsla á eftirlitsákvæði.

<sup>11</sup> Breyting 2021. Hér stóð áður: „1. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 785/1999“.

<sup>12</sup> Breyting 2021. Hér stóð áður: „18. gr.“.

<sup>13</sup> Breyting 2021. Hér stóð áður: „20. gr. reglugerðar nr. 785/1999“.

<sup>14</sup> Breyting 2021. Hér stóð áður: „21. gr. reglugerðar nr. 785/1999“.

<sup>15</sup> Breyting 2021. Hér stóð áður: „fáanlegu“.

<sup>16</sup> Breyting 2021. Hér stóð áður: „fáanlegu“.

## 1.7 Valdsvið, [viðurlög] og þvingunarúrræði

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu eða fyrimælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XII. kafla laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og [XVII.]<sup>17</sup> kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til að knýja fram úrbætur.

[Stofnuninni er m.a. heimilt að veita áminningu og hæfilegan frest til úrbóta, ákveða rekstraraðila dagsektir og stöðva starfsemi eða takmarka hana til bráðabirgða, sé um alvarlega hættu, alvarleg tilvik eða ítrekað brot að ræða eða ef ekki er sinnt úrbótum innan tiltekins frests.

Umhverfisstofnun getur lagt á stjórnvaldssektir sbr. 67. gr. laga nr. 7/1998]<sup>18</sup>

## 1.8 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við [6. gr. og ákvæði IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018]<sup>19</sup>. Umhverfisstofnun birtir niðurstöður eftirlits samkvæmt gr. 1.3 og 1.7 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti. Að öðru leyti vísast til upplýsingastefnu stofnunarinnar.

## 1.9 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi, sbr. ákvæði laga nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

# 2. STARFSHÆTTIR

## 2.1 Umhverfi og takmörkun aðgangs

Rekstraraðili skal kappkosta að draga sem mest úr því álagi sem starfsemin veldur á umhverfið og skal hann setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Skulu umhverfismarkmiðin liggja fyrir eigi síðar en 1. desember 2016 og þau endurskoðuð á 4 ára fresti. Ef umhverfismarkmið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila er fullnægjandi að vísa til þeirra.

Fara skal þannig með allan úrgang við meðhöndlun að tryggt sé að hann valdi sem minnstum óþrifnaði eða ónæði, svo sem foki úrgangsefna, ryki, ólykt eða hávaða.

Úrgangur sem geymdur er skal komið fyrir með hentugu fyrirkomulagi og á skipulegan hátt. Ávallt skal vera hreinn aðskilnaður á milli brennanlegra úrgangsflokka til að lágmarka sambrunahættu, í samræmi við ábendingar og kröfur Brunavarna Suðurnesja bs.

Rekstraraðili skal halda athafnasvæði sínu snyrtilegu. Aðgangur að athafnasvæðinu skal vera takmarkaður og svæðið afgirt með girðingu sem hindrar aðgang manna og skepna og hindrar ólöglega losun úrgangs. Hlið skulu lokuð og læst nema þegar starfsemi fer fram. Á rekstrarsvæðinu skal eftirlits- og aðgangskerfi einnig fela í sér aðgerðir sem miða að því að koma upp um og sporna gegn ólöglegri losun á staðnum. Eftirlitsaðili

<sup>17</sup> Breyting 2021. Hér stóð áður: „VI.“

<sup>18</sup> Breyting 2021. Uppfærsla á ákvæði.

<sup>19</sup> Breyting 2021. Hér stóð áður: „ákvæði í kafla XI í reglugerð nr. 785/1999 og upplýsingum um mengunarvarnaeftirlit í samræmi við kafla VI í reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit“.

getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

Verði vart við meindýr eða vargfugl skal séð til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæði rekstraraðila, að teknu tilliti til laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

## 2.2 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi, kjósi hann það. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS).

[...] <sup>20</sup>.

## 2.3 Viðbragðsáætlun

Rekstraraðili skal gera áhættumat vegna mögulegrar bráðamengunar hafs og stranda frá starfsemi og vinna viðbragðsáætlun á grundvelli þess, sbr. 18. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Viðbragðsáætlun skal vera tiltæk starfsmönnum á vinnustað og aðgengileg eftirlitsaðila.

## 2.4 Viðbrögð við mengunaróhöppum

Verði óhapp sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu. Eftir því sem við á skal fylgja viðbragðsáætlun, sbr. gr. 2.4.

Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað.

Rekstraraðili skal fara yfir öll óhöpp og gera ráðstafanir sem miða að því að hindra að sambærileg atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

## 2.5 Tilkynningar vegna mengunaróhappa

Ef óhapp verður sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við 112.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Jafnframt skal heilbrigðisnefnd á svæðinu upplýst um óhappið. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hætta er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið.

## 2.6 Verkstjórn

Stjórnandi sorpbrennslustöðvar skal hafa nægilega tæknilega færni til að stjórna henni og hann skal hafa hlotið faglega og tæknilega menntun og þjálfun. Á hverri vinnuvakt á athafnasvæði skal starfa tilgreindur starfsmaður sem hefur góða þekkingu á öllum búnaði og starfsreglum stöðvarinnar. Þessi starfsmaður skal kunna skil á ákvæðum starfsleyfis þessa og þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda. Eintök

---

<sup>20</sup> Breyting 2021. Hér stóð áður: „Velji rekstraraðili að reka innra eftirlit sem uppfyllir staðlaðar kröfur er eftirlitsaðila heimilt að draga úr reglubundnu mengunarvarnaeftirliti og lækkar þá eftirlitsgjald sem því nemur, sbr. gr. 12.6 í reglugerð nr. 786/1999. Þá er heimilt að draga úr reglubundnu mengunarvarnaeftirliti hjá atvinnurekstri sem er með innra eftirlit með ákveðnum eftirlitsþáttum sem eftirlitsaðili hefur samþykkt.“

af starfsleyfi og viðeigandi lögum og reglugerðum skulu ávallt tiltæk á vinnustað. Rekstraraðili skal tilnefna fulltrúa sem eftirlitsaðili getur haft samband við utan afgreiðslutíma ef þörf krefur.

## 2.7 Meðhöndlun hættulegra efna

Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

## 2.8 Endurnotkun og endurnýting úrgangs

Rekstraraðili skal stuðla að endurnotkun og –nýtingu úrgangs eins og kostur er, í samræmi við gildandi svæðisáætlun sveitarstjórnar. Ef endurnotkunar- og endurnýtingarmöguleikar eru fyrir hendi skal koma úrgangi sem berst í slíka vinnslu, ef kostur er.

## 2.9 Gjaldtaka fyrir brennslu úrgangs

Rekstraraðili sorpbrennslustöðvar skal innheimta gjald vegna förgunar úrgangs, sbr. 23. gr. laga nr. 55/2003. Gjaldið skal nægja fyrir öllum kostnaði við förgun úrgangsins, þar með talið uppsetningu og rekstri viðkomandi sorpbrennslustöðvar.

## 2.10 Tryggingar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, að upphæð 1 milljón SDR, vegna mögulegs bráðamengunartjóns, sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

# 3. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

## 3.1 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu. Rekstraraðili skal nota bestu [aðgengilegu]<sup>21</sup> tækni (BAT) við mengunarvarnir og nýta vel orku og vatn. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færir á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið (sambættar mengunarvarnir).

## 3.2 Flokkunaraðstaða

Í flokkunarstöð skal a.m.k. vera mögulegt að flokka timbur, umbúðaúrgang, brotajárn, garðaúrgang, plastefni og spilliefni. Flokkuðum úrgangi skal koma til endurnotkunar og endurnýtingar eins og kostur er.

## 3.3 Geymsla utan dyra

Öll geymsla úrgangs utan dyra skal vera á afgirtu svæði, þar sem óviðkomandi hafa ekki aðgang nema á tilgreindum móttökutímum. Koma skal í veg fyrir fok á úrgangi og að lykt valdi óþægindum.

---

<sup>21</sup> Breyting 2021. Hér stóð áður: „fáanlegu“.

### 3.4 Efni hættuleg umhverfinu

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn.

### 3.5 Frárennsli

Fráveita frá húsum og plönum þar sem spilliefni eru meðhöndluð eða geymd skal vera lokuð. Öll spilliefni sem kunna að fara niður skal fanga í söfnunarþrær þannig að hægt sé að endurheimta þau. Ef grunur er um að spilliefni hafi borist í söfnunarþró, skulu gerðar sérstakar efnamælingar á innihaldi þróarinnar fyrir losun. Frárennslisvatni sem stenst ekki kröfur sbr. grein 4.3 eða inniheldur önnur spilliefni, skal ekki fargað nema að höfðu samráði við eftirlitsaðila.

Kælivatni og regnvatni úr niðurföllum á lóð skal veitt í setþró og/eða viðeigandi síubúnað.

### 3.6 Söfnunarþrær og sand- og olíuskilja

Ávallt skal vera lokað fyrir frárennsli úr söfnunarþró og skulu frárennsliskranar vera læstir eða þannig útbúnir að óviðkomandi geti ekki opnað fyrir frárennslið. Ávallt skal vera laust 2m<sup>2</sup> rými í þeirri þró sem þjónar jafnframt sem öryggisþró fyrir tanka undir olíuúrgang og lífræn leysiefni.

Söfnunarþrær og sand- og olíuskilju skal vakta og viðhalda skv. verklýsingu (gr. 2.7) og tæma eftir þörfum. Halda skal skrá yfir eftirlit, viðhald og tæmingar. Skrá skal vökvamagn í söfnunarþró fyrir tæmingu. Sé tryggt að spilliefni hafi ekki borist í söfnunarþró frá síðustu tæmingu má leiða innihald hennar ómeðhöndlað í fráveitukerfi. Ef grunur leikur á að spilliefni hafi borist í söfnunarþróna skal greina styrk mögulegra mengunarefna í innihaldi hennar áður en hún er tæmd. Ef ekki er ljóst hvaða spilliefni hafa mögulega borist í þróna skal greina alla mælþætti í samræmi við mælingaáætlun í gr. 5.2. Frárennslisvatn sem ekki stenst losunarmörk í gr. 5.3, eða inniheldur önnur spilliefni, er óheimilt að leiða ómeðhöndlað í fráveitukerfi, heldur skal því fargað í samráði við eftirlitsaðila.

Styðjast skal við gildandi staðla um olíuskiljur varðandi stærð, frágang, eftirlit og viðhald. Við úttak olíuskilju skal vera búnaður svo hægt sé að loka fyrir frárennslið ef óhapp verður og spilliefni fara í niðurföll. Aðstaða skal vera til að taka sýni af frárennslisvatni þar sem það kemur úr olíuskilju.

### 3.7 Hreinsibúnaður

Viðeigandi búnaður og efni til hreinsunar spilliefna sem kunna að fara niður, t.d. ídræg efni til hreinsunar á vökvum, skulu vera til reiðu í móttökustöðinni.

### 3.8 Frágangur ílát

Öll ílát sem notuð eru við geymslu á spilliefnum skulu viðurkennd og merkt á viðeigandi hátt. Um spilliefni sem búið er að flokka skal að lágmarki koma fram tegund spilliefnis, hættulegir eiginleikar og magn, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 806/1999. Að því leyti sem við á skal frágangur ílát vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. [884/2017]<sup>22</sup> um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Ekki skal nota stærri ílát undir fljótandi spilliefni en 2 m<sup>3</sup>, þ.e. sem samsvarar því rými sem laust skal vera í söfnunarþró, sbr. gr. 3.3.

Óheimilt er að geyma rokgjörn spilliefni í opnum ílátum. Rekstraraðili skal lágmarka útstreymi rokgjarnra spilliefna eins og mögulegt er og skal miða við að dreifið losun fari ekki yfir 5% af meðhöndluðu magni.

---

<sup>22</sup> Breyting 2021. Hér áður stóð: „35/1994“.



Við geymslu spilliefna skulu ílát staðsett og varin þannig að þau séu stöðug og verði ekki fyrir hnjaski, t.d. frá ökutækjum. Hafa skal reglulegt eftirlit með öllum ílátum.

Um ílát undir sérstakan úrgang frá heilbrigðisstofnunum fer samkvæmt viðauka við reglugerð nr. 737/2003.

### 3.9 Hávaði

Rekstraraðili skal leitast við að halda niðri hávaða frá starfseminni og tryggja að hávaði frá starfseminni sé í samræmi við töflu III og önnur ákvæði reglugerðar nr. 724/2008, um hávaða. Hávaði við húsvegg utan vinnusvæðis rekstraraðila skal ekki fara yfir 70 dB(A)LAeq á iðnaðarsvæði og 55 dB(A)LAeq í íbúðabyggð.

### 3.10 Neyðartilvik – yfirvofandi hættu

Í neyðartilvikum hefur rekstraraðili heimild til að grípa til viðeigandi ráðstafana til að afstýra hættu, enda þótt þær ráðstafanir séu ekki í samræmi við ákvæði starfsleyfis þessa, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni. Eftirlitsaðila skal tafarlaust tilkynnt um slíkar ráðstafanir.

### 3.11 Spilliefni

Óheimilt er að blanda spilliefnum saman við annan úrgang, nema við innmötun í brennsluhólf. Við móttöku spilliefna frá söfnunaraðilum skal tryggja að nauðsynlegar upplýsingar liggja fyrir þannig að unnt sé að sannreyna að úrgangurinn uppfylli þær kröfur sem gerðar eru. Upplýsingarnar skulu taka til:

- a) myndunarferlisins.
- b) eðlisfræðilegrar og, eftir því sem við verður komið, efnafræðilegrar samsetningar úrgangsins og allra annarra upplýsinga sem þörf er á til að meta hvort hann henti fyrir fyrirhugað brennsluferli,
- c) hættulegra eiginleika úrgangsins, efna sem ekki má blanda honum saman við og varúðarráðstafana sem grípa skal til við meðhöndlun úrgangsins,
- d) dæmigerðra sýna (nema það eigi ekki við, t.d. fyrir sérstakan úrgang frá heilbrigðisstofnunum) sem tekin skulu af spilliefnum frá fyrirtækjum eftir því sem við verður komið áður en afferming fer fram, til að sannprófa að úrgangurinn sé í samræmi við upplýsingarnar sem úrgangshafi leggur fram og til að gera eftirlitsaðila kleift að sannreyna eðli úrgangsins sem er meðhöndlaður. Þessi sýni skulu geymd í a.m.k. einn mánuð eftir að brennsla fer fram.

Spilliefni sem berast frá söfnunaraðilum skulu þegar hafa verið flokkuð á upprunastað, þeim pakkað inn og merkt sbr. listann hér að framan. Spilliefni sem tekið er á móti til brennslu skulu geymd í ílátum sem eru viðurkennd til geymslu spilliefna. Kerin skulu merkt á viðeigandi hátt og staðsett þannig að þau séu stöðug og verði ekki fyrir hnjaski, t.d. frá ökutækjum.

### 3.12 Meðhöndlun spilliefna

Spilliefni skulu geymd og meðhöndluð af varúð þannig að ekki sé hættu á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Þess skal gætt að úrkomuvatn komist ekki að spilliefnum og þá einkum þeim sem kunna að leysast upp í vatni og hafa óæskileg áhrif á efnasamsetningu frárennslis. Spilliefni skulu ávallt geymd og meðhöndluð á bundnu yfirborðslagi og með fráveitu sem er tengd við olúskilju og söfnunarþró.

Ávallt skal leitast við að halda magni spilliefna á athafnasvæði rekstraraðila í lágmarki.



### 3.13 Sóttmengaður úrgangur

Sóttmengaður úrgangur skal meðhöndlaður á viðunandi hátt, sbr. 14. og 15. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs. Einkum skal gæta ýtrustu varkárni og nákvæmni við meðhöndlun á sérstökum úrgangi frá heilbrigðisstofnunum. Slíkur úrgangur sem berst skal þegar hafa verið flokkaður á upprunastað, honum pakkað þar og hann sérstaklega merktur, sbr. viðauka við reglugerð nr. 737/2003.

Móttaka á sóttmenguðum úrgangi eða öðrum úrgangi sem krefst sérstakrar meðhöndlunar skal fara þannig fram að hann blandist ekki öðrum úrgangi áður honum er fargað. Förgun slíkra úrgangsefna skal fara fram jafnóðum og þau berast rekstraraðila.

## 4. MÓTTAKA OG BRENNSLA ÚRGANGS

### 4.1 Móttaka og skráning úrgangs

Móttaka úrgangs til brennslu skal vera í samræmi við [IV. kafla reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit]<sup>23</sup>

Við móttöku úrgangs til brennslu skal fara fram sjónrænt mat og krefja má úrgangshafa um gögn til að sannreyna að úrgangurinn uppfylli móttökuskilyrði fyrir þann úrgang sem heimilt er að brenna og taka á móti, sbr. gr. 1.2 í starfsleyfi þessu. Úrgangi sem ekki samræmist móttökuskilyrðum staðarins skal hafnað og eftirlitsaðila tilkynnt um slíkt án tafar.

Skrá skal magn og tegundir úrgangs sem tekið er á móti, dagsetningu móttöku, framleiðanda úrgangs eða söfnunarfyrtæki ef um er að ræða heimilisúrgang og ráðstöfun úrgangsins. Gefa skal út kvittun til úrgangshafa fyrir móttöku úrgangs til förgunar.

### 4.2 Söfnunarstöð

Úrgangi skal safnað í gáma sem raðað er upp með skipulegum hætti. Gámarnir skulu vera heilir, hreinir og á þeim skulu vera skýrar merkingar sem segja til um hvaða úrgangur megi fara í þá. Eftirlit skal haft með því að úrgangur sé flokkaður á réttan hátt svo hann fari í viðeigandi gáma.

Úrgangi sem geyma þarf utandyra skal koma fyrir með hentugu fyrirkomulagi og á skipulegan hátt. Ávallt skal vera hreinn aðskilnaður á milli brennanlegra úrgangsflokka til að lágmarka sambrunahættu, í samræmi við ábendingar og kröfur Brunavarna Suðurnesja, og skal ekki staðsetja úrgangshauga nær húsum en sem nemur 8 metrum.

### 4.3 Spilliefni

Magn spilliefna sem brennd eru skal á hverjum tíma ekki vera meira en svo að losunarmörk í útblæstri skulu vera virt.

### 4.4 Viðhald

Reglulegt viðhald í samræmi við áætlun þar um skal vera á öllum búnaði brennslustöðvarinnar.

---

<sup>23</sup> Breyting 2021. Hér stóð áður „IV. kafla reglugerðar nr. 739/2003 um brennslu úrgangs“.

#### 4.5 Gangsetning brennsluofns

Við gangsetningu brennslustöðvarinnar skal einungis nota eldsneyti sem samsvarar gasolíu, sbr. reglugerð nr. 784/2001 um fljótandi eldsneyti, fljótandi gas eða gas.

#### 4.6 Lokabrennsla lofttegunda

Lofttegundir, sem myndast við vinnsluna, skulu hitaðar eftir síðustu inndælingu brunalofts á skipulegan og jafnan hátt og jafnvel við óhagstæðustu aðstæður upp í a.m.k. 850°C í tvær sekúndur hið minnsta, eins og mælt er nálægt innvegg brunahólfins eða öðrum dæmigerðum punkti brunahólfins í samráði við Umhverfisstofnun. Ef brenndur er hættulegur úrgangur sem inniheldur meira en 1% af halógenum, lífrænum efnum, gefið upp sem klórídræg, verður að hækka hitann í 1100°C í a.m.k. tvær sekúndur.

#### 4.7 Sjálfvirk stýring brennara

Hver lína brennslustöðvarinnar skal búin a.m.k. einum aukabrennara. Þessi brennari skal ræsast sjálfvirk þegar hiti brennsluofts eftir síðustu inndælingu brunalofts fellur niður fyrir 850°C eða 1100°C eftir því sem við á. Einnig skal nota brennarann við ræsingu eða stöðvun vinnslu í stöðinni til að tryggja að ávallt sé haldið 850°C eða 1100°C hita meðan starfsemi fer fram og meðan óbrenndur úrgangur er í brunahólfinu. Komið skal í veg fyrir að úrgangur fari í brunahólfið ef hitinn er undir ofangreindum mörkum.

#### 4.8 Hreinsun útblásturs

Útblástursloft skal hreinsað með virkum kolum og basískri íblöndun í þurrhreisibúnaði, eða þeirri bestu [aðgengilegu]<sup>24</sup> tækni (BAT) eftir því sem hún er skilgreind hverju sinni, sem tryggir að styrkur súrra gastegunda, þungmálma og annarra mengunarefna í útblæstri fari ekki yfir losunarmörk.

#### 4.9 Reykháfur

Reykur úr brennslustöðinni skal leiddur út um reyk háf sem skal vera minnst 24 m hár yfir gólfi brennslustöðvar. Útblásturshraði í reyk háf skal vera nógu mikill til að ekki sé hætt á niðurdrætti útblásturs í nágrenni stöðvarinnar, Rekstraraðili skal sýna fram á að svo sé með vísan til loftdreifilíkans sem tekur mið af veðurfarsaðstæðum í nágrenni sorpbrennslustöðvarinnar. Niðurstöður loftdreifilíkans skulu sendar Umhverfisstofnun fyrir 21. september 2017. Umhverfisstofnun er heimilt að fara fram á að rekstraraðili auki útblásturshraða ef niðurstöður loftdreifilíkans gefa til kynna að útblásturshraði sorpbrennslustöðvarinnar sé ekki nægilegur.

#### 4.10 Meðhöndlun úrgangs frá stöðinni

Aska, gjall og leðja frá brennslustöðinni skulu endurnýtt, eftir því sem unnt er, eða urðuð á stað sem til þess hefur starfsleyfi. Lífrænt efni skal vera undir 3% og glæðitap minna en 5%. Nota skal viðeigandi aðferðir til formeðhöndlunar úrgangs ef nauðsynleg krefur. Ónýtir síupokar úr hreinsivirki skulu brenndir í stöðinni.

Heimilt er að meðhöndla og geyma allt að 90 tonn af bornösku á lokuðu yfirborði með frárennsli sem er tengt við sand- og olíuskilju. Gerðar skulu ráðstafanir til að hindra óþarfa dreifingu botnöskunnar, t.d. með byggingu skýlis.

Flugaska er spilliefni og skal geymd innandyra í sekkjum á lokuðu yfirborði sem ekki er tengt frárennsli. Uppsafnaðar birgðir af flugösku, mega ekki verða meiri en 1500 tonn hverju sinni, áður en hún er flutt til viðeigandi móttökuaðila.

---

<sup>24</sup> Breyting 2021. Hér stóð áður „fáanlegu“.

## 5. INNRA EFTIRLIT REKSTRARAÐILA

### 5.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta valdið mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er:

1. Upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á móti, sbr. gr. 4.1.
2. Úrgangur sem hafnað er til brennslu, sbr. gr. 4.1.
3. Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim, sbr. gr. 2.5 og 2.6.
4. Niðurstöður eftirlitsmælinga, sbr. gr. 5.2.
5. Viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði
6. Tæmingu olúgildru og setþróa ásamt staðfestingu á förgun efnis úr þeim
7. Mælingar á efnainnihaldi og eiginleikum spilliefna og annars úrgangs sem framkvæmdar eru til að lýsa eiginleikum úrgangsins og til að sannreyna innsend gögn
8. Mælingar á útskolunareiginleikum ösku frá brennslustöðinni
9. Magn ösku, gjalls og leirs sem fargað er á urðunarstað
10. Magn og tegund úrgangs sem fer til endurnotkunar/endurvinnslu eða förgunar annars staðar,
11. Magn og tegund úrgangsefna sem geymd eru á öðrum athafnasvæðum rekstraraðila en brennslustöðinni.

### 5.2 Vöktunarmælingar

Rekstraraðili skal vakta helstu umhverfisþætti í samræmi við umfang losunar rekstraraðila í þeim tilgangi að meta það álag á umhverfið sem starfsemin veldur. Slíkar mælingar skulu gerðar samkvæmt vöktunaráætlun sem rekstraraðili leggur fram og Umhverfisstofnun samþykkir. Áætlunin skal vera til afmarkaðs tíma hverju sinni. Endurskoða skal vöktunaráætlanir óski Umhverfisstofnun eftir því, t.d. ef hætt er að vinna eftir umhverfisvottunum eða umhverfisstjórnunarkerfi. Rekstraraðili skal skila Umhverfisstofnun tillögu að vöktunaráætlun innan þriggja mánaða frá útgáfu starfsleyfisins.

### 5.3 Eftirlitsmælingar

Mengunarefni í útblæstri skulu mæld með símælíbúnaði. Auk þeirra mengunarefna sem tilgreind eru í gr. 5.4 skal mæla eftirfarandi eðlisþætti samfelld: hitastig nálægt innvegg brunahólfs, styrk súrefnis, þrýsting, hita og vatnsgufuinnihald í útblásturslofti.

Sjálfvirkur vöktunarbúnaður fyrir losun í andrúmsloft skal sæta eftirliti og gangast undir árlegar eftirlitsprófanir. Kvörðun skal fara fram a.m.k. þriðja hvert ár samhliða mælingum samkvæmt tilvísunaraðferðum sbr. [23. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.]<sup>25</sup>

---

<sup>25</sup> Breyting 2021. Hér stóð áður „26. gr. reglugerðarinnar nr. 739/2003 um brennslu úrgangs“.

Fullnægjandi aðstaða til sýnatöku og mælinga á frárennslisvatni skal vera fyrir hendi til að unnt sé að fylgjast með mengun sem frá starfseminni kann að berast. Tekin skulu sýni af vatni þar sem meðalsamsetning er dæmigerð.

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd sýnatöku og mælinga og fá til þess aðila sem eftirlitsaðili samþykkir.

Rekstraraðili skal vakta frárennslisvatn samkvæmt eftirfarandi mælingaáætlun:

	Mæli-/sýnatökustaður	Mælipættir	Tíðni
Samsetning frárennslisvatns	Innihald söfnunarþróa	Hitastig, leiðni, pH, heildarmagn svifagna, heildarmagn uppleystra efna (TDS), olía/fita, BTEX, lífræn halógensambönd (AOX), járn (Fe), blý (Pb), kvikasilfur (Hg), kadmíum (Cd), króm (Cr), kopar (Cu), sink (Zn), arsen (As), nikkell (Ni), mólýbden (Mo), antimón (Sb), tin (Sn)	Fyrir hverja tæmingu (ef grunur leikur á að spilliefni hafi borist í söfnunarþró)
Samsetning frárennslisvatns	Úttak olíuskilju	Rennsli, hitastig, leiðni, pH, heildarmagn svifagna, heildarmagn uppleystra efna (TDS), olía/fita, BTEX, lífræn halógensambönd (AOX), járn (Fe), blý (Pb), kvikasilfur (Hg), kadmíum (Cd), króm (Cr), kopar (Cu), sink (Zn), arsen (As), nikkell (Ni), mólýbden (Mo), antimón (Sb), tin (Sn)	Einu sinni á ári; fyrir 1. okt.

Varðandi tíðni eftirlitsmælinga og mælipætti er eftirlitsaðila heimilt að breyta tilhöguninni, s.s. ef mat á niðurstöðum úr fyrri mælingum gefur til kynna að óhætt sé að fækka mælingum eða ef fara þarf fram á tíðari mælingar.

## 5.4 Losunarmörk

Eftirfarandi losunarmörk\* fyrir mengunarefni í útblæstri eiga við um stöðina. Mörkin eru stöðluð við þessi skilyrði: hiti 273 K, þrýsingur 101,3 kPa, og 11% O<sub>2</sub> sem þurr gas:

Efni	Dagleg meðalgildi	30 mín meðaltal	Mæling
Ryk	10 mg/m <sup>3</sup>	30 mg/m <sup>3</sup>	samfelld
Kolmónoxíð (CO)	50 mg/m <sup>3</sup>	100 mg/m <sup>3</sup>	samfelld
Brennisteinsdíoxíð (SO <sub>2</sub> )	50 mg/m <sup>3</sup>	200 mg/m <sup>3</sup>	samfelld
Vetnisklóríð (HCl)	10 mg/m <sup>3</sup>	60 mg/m <sup>3</sup>	samfelld
Vetnisflúoríð (HF)	1 mg/m <sup>3</sup>	4 mg/m <sup>3</sup>	árleg

Heildarmagn lífræns kolefnis (TOC)	10 mg/m <sup>3</sup>	20 mg/m <sup>3</sup>	samfelld
Köfnunarefnisoxíð sem NO <sub>2</sub>	400 mg/m <sup>3</sup>		árleg
Díoxín/furön	0,1 ng/m <sup>3</sup>		árleg
<b>Pungmálmur í ryki:</b>	<b>30 mín til 8 h</b>		
<b>Summa:</b> kadmíum (Cd) og þallíum (Tl),	0,05 mg/Nm <sup>3</sup>		árleg
Kvikasilfur (Hg)	0,05 mg/Nm <sup>3</sup>		árleg
Summa: blý (Pb), króm (Cr), kopar (Cu), vanadíum (V), nikkell (Ni), Arsen (As), antímon (Sb), kóbolt (Co) og mangan (Mn)	0,5 mg/Nm <sup>3</sup>		árleg

\*Losunarmörk eru í samræmi við [29. gr. reglugerðar nr. 550/2018, sbr. VI. viðauki reglugerðarinnar]<sup>26</sup>

Mörk sem frárennslisvatn þarf að uppfylla fyrir losun í fráveitukerfi:

Mælipáttur	Styrkur (mg/l)
Svifagnir	70
Kvikasilfur	0,05
Kadmíum	0,1
Blý	0,2
Nikkell	0,5
Kopar	0,5
Króm	0,5
Sink	1,0
Arsen	0,15
Olía	15
pH	2,0–11,0

## 5.5 Skýrslugjöf

Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003. Afrit skal senda heilbrigðisnefnd á starfssvæði rekstraraðila. Rekstraraðila er heimilt að vísa til skýrslu um [umhverfisupplýsingar]<sup>27</sup> eða ársskýrslu ef þar er að finna ofangreindar niðurstöður.

Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á móti, sbr. gr. 4.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 55/2003. Afrit skal senda heilbrigðisnefnd á starfssvæði rekstraraðila. Rekstraraðila er heimilt að vísa til skýrslu um [umhverfisupplýsingar]<sup>28</sup> eða ársskýrslu ef þar er að finna ofangreindar niðurstöður.

<sup>26</sup> Breyting 2021. Hér stóð áður: „39. gr. reglugerðar nr. 739/2003 um brennslu úrgangs og VI. viðauka Tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB frá 24. nóvember 2010.“

<sup>27</sup> Breyting 2021. Hér stóð áður: „grænt bókhald“.

<sup>28</sup> Breyting 2021. Hér stóð áður: „grænt bókhald“.

## 5.6 Kostnaður

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga sem kveðið er á um í starfsleyfi þessu. Rekstraraðili skal greiða kostnað við rannsóknir á mengun í nágrenninu samkvæmt gr. 5.7 eða kostnað í samræmi við hlutdeild í losun ef önnur fyrirtæki á svæðinu valda samskonar mengun. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefnir og Umhverfisstofnun samþykkir.

## 5.7 [Umhverfisupplýsingar]<sup>29</sup>

[Rekstraraðili skal skila árlega til Umhverfisstofnunar upplýsingum um losun mengandi efna frá starfsstöðinni með rafrænum hætti, skv. 34. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Rekstraraðili ber ábyrgð á þeim upplýsingum sem hann skilar til Umhverfisstofnunar.

Heimilt er að skila skýrslunum sameiginlega auk ársyfirlits sbr. gr. 5.5 en skilafrestir framlengjast þó ekki við það.<sup>30</sup>

## 5.8 Samráðsfundur

[Kalka Sorpeyðingarstöð]<sup>31</sup> sf. boðar árlega fulltrúa Umhverfisstofnunar og fulltrúa Heilbrigðisnefndar og Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja á samráðsfund. Fyrir fundinn skal rekstraraðili leggja fram yfirlit eða ársskýrslu um þau atriði sem fjallað er um í grein 5.1. Á þessum fundum verði m.a. rætt um rekstur mengunarvarna, niðurstöður mengunarmælinga, hugsanlegar breytingar á starfsleyfi þessu svo og önnur atriði er kynnu að hafa komið upp og fulltrúar áðurnefndra aðila telja ástæðu til þess að ræða.

# 6. GJALDSKYLDA

[Starfsemi þessi er flokkuð í lið 8.a viðauka II. laga nr. 7/1998. Starfsemin er flokkuð í lið 8.a í viðauka IX reglugerðar nr. 550/2018]<sup>32</sup>. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins. Rekstraraðili greiðir eftirlitsaðila gjald skv. gjaldskrá eftirlitsaðila vegna reglubundins eftirlits. Gjald vegna viðbótareftirlits, vanefnda eða rökstuddra kvartana greiðist sérstaklega skv. gjaldskrá eftirlitsaðila [...]<sup>33</sup>.

---

<sup>29</sup> Breyting 2021. Hér stóð áður: „Grænt bókhald og útstreymisbókhald“.

<sup>30</sup> Breyting 2021. uppfærsla út af breytingu á lögum nr. 7/1998.

<sup>31</sup> Breyting 2021. Hér stóð áður: „Sorpeyðingarstöð Suðurnesja“.

<sup>32</sup> Breyting 2021. Hér stóð áður: „1. flokk skv. fylgiskjali 1 með reglugerð nr. 785/1999“.

<sup>33</sup> Breyting 2021. Hér stóð áður: „sbr. 5. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 786/1999.“

## 7. GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, er gefið út í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, [reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit]<sup>34</sup>, laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Starfsleyfið gildir til 21. september 2032.

## 8. [...] <sup>35</sup>

Reykjavík, 18. janúar 2021<sup>36</sup>

Umhverfisstofnun

Sigrún Ágústsdóttir  
forstjóri

Hlín Gísladóttir  
lögfræðingur

---

<sup>34</sup> Breyting 2021. Hér stóð áður: „reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun“

<sup>35</sup> Breyting 2021. Hér stóð áður: „BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI Umhverfisstofnun frestar gildistöku ákvæða 3.5 og 3.6 um frárennsli og söfnunarþrær um eitt ár frá útgáfudegi starfsleyfisins. Sama á við um losunarmörk fyrir frárennsli, sbr. ákv. 5.4. Um er að ræða auknar kröfur frá fyrra starfsleyfi rekstraraðila og er þetta ár ætlað sem svigrúm fyrir rekstraraðila til að setja upp búnað til að mæta nýjum kröfum.“

<sup>36</sup> Starfsleyfið var gefið út þann 21. september 2016. Starfsleyfinu var síðar breytt þann 18. janúar 2021.



## Viðauki 1

### Yfirlit yfir skiladaga

Í eftirfarandi greinum starfsleyfisins eru skiladagar tilgreindir:

- Grein 1.5: Áætlun um endanlegan frágang eftir lokun brennslustöðvarinnar skal liggja fyrir ekki seinna en tveimur árum áður en starfsemi lýkur.
- Grein 2.1: Umhverfismarkmið skulu liggja fyrir eigi síðar en 1. desember 2016 og skulu endurskoðuð á 4 ára fresti.
- Grein 4.9: Niðurstöður loftdreifilíkans skulu sendar Umhverfisstofnun eigi síðar en 21. september 2017.
- Grein 5.6: Senda skal eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert.
- Grein 5.6: Senda skal Umhverfisstofnun upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á móti, sbr. gr. 4.1, fyrir 1. maí ár hvert.

Ef ósamræmi er á milli þessa viðauka og megintexta starfsleyfisins þá gildir megintextinn.

## Viðauki 2

Í brennslustöðinni er heimilt að brenna sóttmengaðan úrgang, smitandi úrgang og sérstakan úrgangs frá heilbrigðisstofnunum, skv. skilgreiningum í 3. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs. Þó er ekki er heimilt að brenna sóttmengaðan úrgang í áhættuflokki A í sorpbrennslustöðinni, sbr. flokkun Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar, nema að undangenginni dauðhreinsun.

Sóttmengaður úrgangur í áhættuflokki A skal dauðhreinsaður í gufusæfi á þeim heilbrigðisstofnunum þar sem hann fellur til áður en hann er sendur til förgunar í sorpbrennslustöðinni.

*Cultures only* – þar sem þetta er tekið fram á bakvið smitefni á listanum, þá má almennt brenna úrgang með þessu smitefni en ekki er heimilt að brenna ræktað sýni með þessum smitbera. Það má því til dæmis brenna sjúkrahúsúrgang sem fellur til við ummönnun sjúklings með HIV veiruna, en ekki má brenna ræktað sýni af veirunni þar sem þá er um að ræða meiri styrk. Ræktað sýni eiga því að fara í gegnum dauðhreinsunarferli áður en þau eru send til förgunar í Sorpbrennslustöð Suðurnesja.

Allur úrgangur frá sýklarannsóknarstofum skal dauðhreinsaður í auoclave áður en hann er sendur til förgunar í Sorpbrennslustöð Suðurnesja.

### Listi yfir sóttmengaðan úrgang í áhættuflokki A sbr. lista Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO):

INDICATIVE EXAMPLES OF INFECTIOUS SUBSTANCES INCLUDED IN CATEGORY A IN ANY FORM UNLESS OTHERWISE INDICATED	
UN Number and Proper Shipping Name	Microorganism
UN 2814 Infectious substance, affecting humans	Bacillus anthracis (cultures only)
	Brucella abortus (cultures only)
	Brucella melitensis (cultures only)
	Brucella suis (cultures only)
	Burkholderia mallei – Pseudomonas mallei – glanders (cultures only)
	Burkholderia pseudomallei – Pseudomonas pseudomallei (cultures only)
	Chlamydia psittaci – avian strains (cultures only)
	Clostridium botulinum (cultures only)
	Coccidioides immitis (cultures only)
	Coxiella burnetii (cultures only)
	Crimean-Congo haemorrhagic fever virus
	Dengue virus (cultures only)
	Eastern equine encephalitis virus (cultures only)
	Escherichia coli, verotoxigenic (cultures only)
	Ebola virus
	Flexal virus
	Francisella tularensis (cultures only)
Guanarito virus	
Hantaan virus	

	Hantaviruses causing haemorrhagic fever with renal syndrome
	Hendra virus
	Hepatitis B virus (cultures only)
	Herpes B virus (cultures only)
	Human immunodeficiency virus (cultures only)
	Highly pathogenic avian influenza virus (cultures only)
	Japanese Encephalitis virus (cultures only)
	Junin virus
	Kyasanur Forest disease virus
	Lassa virus
	Machupo virus
	Marburg virus
	Monkeypox virus
	Mycobacterium tuberculosis (cultures only)
	Nipah virus
	Omsk haemorrhagic fever virus
	Poliovirus (cultures only)
	Rabies virus (cultures only)
	Rickettsia prowazekii (cultures only)
	Rickettsia rickettsii (cultures only)
	Rift Valley fever virus (cultures only)
	Russian spring-summer encephalitis virus (cultures only)
	Sabia virus
	Shigella dysenteriae type 1 (cultures only)
	Tick-borne encephalitis virus (cultures only)
	Variola virus
	Venezuelan equine encephalitis virus (cultures only)
	West Nile virus (cultures only)
	Yellow fever virus (cultures only)
	Yersinia pestis (cultures only)
<b>UN 2900 Infectious substance, affecting animals only</b>	African swine fever virus (cultures only)
	Avian paramyxovirus Type 1 – Velogenic Newcastle disease virus (cultures only)
	Classical swine fever virus (cultures only)
	Foot and mouth disease virus (cultures only)
	Lumpy skin disease virus (cultures only)
	Mycoplasma mycoides – contagious bovine pleuropneumonia (cultures only)
	Peste des petits ruminants virus (cultures only)
	Rinderpest virus (cultures only)
	Sheep-pox virus (cultures only)
	Goatpox virus (cultures only)
	Swine vesicular disease virus (cultures only)
	Vesicular stomatitis virus (cultures only)

INDICATIVE EXAMPLES OF INFECTIOUS SUBSTANCES INCLUDED IN CATEGORY A IN ANY FORM UNLESS OTHERWISE INDICATED	
UN Number and Proper Shipping Name	Microorganism
UN 2814 Infectious substance, affecting humans	Bacillus anthracis (cultures only)
	Brucella abortus (cultures only)
	Brucella melitensis (cultures only)
	Brucella suis (cultures only)
	Burkholderia mallei – Pseudomonas mallei – glanders (cultures only)
	Burkholderia pseudomallei – Pseudomonas pseudomallei (cultures only)
	Chlamydia psittaci – avian strains (cultures only)
	Clostridium botulinum (cultures only)
	Coccidioides immitis (cultures only)
	Coxiella burnetii (cultures only)
	Crimean-Congo haemorrhagic fever virus
	Dengue virus (cultures only)
	Eastern equine encephalitis virus (cultures only)
	Escherichia coli, verotoxigenic (cultures only)
	Ebola virus
	Flexal virus
	Francisella tularensis (cultures only)
	Guanarito virus
	Hantaan virus
	Hantaviruses causing haemorrhagic fever with renal syndrome
	Hendra virus
	Hepatitis B virus (cultures only)
	Herpes B virus (cultures only)
	Human immunodeficiency virus (cultures only)
	Highly pathogenic avian influenza virus (cultures only)
	Japanese Encephalitis virus (cultures only)
	Junin virus
	Kyasanur Forest disease virus
	Lassa virus
	Machupo virus
Marburg virus	
Monkeypox virus	
Mycobacterium tuberculosis (cultures only)	
Nipah virus	
Omsk haemorrhagic fever virus	

	Poliovirus (cultures only)
	Rabies virus (cultures only)
	Rickettsia prowazekii (cultures only)
	Rickettsia rickettsii (cultures only)
	Rift Valley fever virus (cultures only)
	Russian spring-summer encephalitis virus (cultures only)
	Sabia virus
	Shigella dysenteriae type 1 (cultures only)
	Tick-borne encephalitis virus (cultures only)
	Variola virus
	Venezuelan equine encephalitis virus (cultures only)
	West Nile virus (cultures only)
	Yellow fever virus (cultures only)
	Yersinia pestis (cultures only)
<b>UN 2900 Infectious substance, affecting animals only</b>	African swine fever virus (cultures only)
	Avian paramyxovirus Type 1 – Velogenic Newcastle disease virus (cultures only)
	Classical swine fever virus (cultures only)
	Foot and mouth disease virus (cultures only)
	Lumpy skin disease virus (cultures only)
	Mycoplasma mycoides – contagious bovine pleuropneumonia (cultures only)
	Peste des petits ruminants virus (cultures only)
	Rinderpest virus (cultures only)
	Sheep-pox virus (cultures only)
	Goatpox virus (cultures only)
	Swine vesicular disease virus (cultures only)
	Vesicular stomatitis virus (cultures only)

\*Listinn kemur úr skýrslu WHO: *Guidance on regulations for the Transport of Infectious Substances [2019-2020*, bls. 48-50]<sup>37</sup>.

<sup>37</sup> Breyting 2021. Hér stóð áður: „2015-2016 bls 24“.

## Fylgiskjal [1]<sup>38</sup>

### Ákvörðun losunarmarka:

- i. Losunarmörk í lofti í grein 5.4 eru í samræmi við [29. gr. reglugerðar nr. 550/2018, sbr. VI. viðauki reglugerðarinnar]<sup>39</sup>
- ii. Losunarmörk í grein 5.4 fyrir svifagnir í frárennslisvatni eru ákveðin með hliðsjón af reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, og tekið er tillit til eins þreps hreinsunar af hálfu sveitarfélagsins.
- iii. Losunarmörk í grein 5.4 fyrir blý, nikkell, kopar, króm og arsen í frárennslisvatni eru ákveðin með hliðsjón af reglugerð [nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit]<sup>40</sup> og skýrslu framkvæmdastjórnar EB um bestu [aðgengilegu]<sup>41</sup> tækni við mengunarvarnir við meðhöndlun úrgangs (Waste Treatment Industries, BAT Reference Document, Agust 2006).
- iv. Önnur losunarmörk fyrir frárennslisvatn í grein 5.4 en þau sem eru talin upp í liðum ii. og iii. eru ákveðin með hliðsjón af skýrslu framkvæmdastjórnar EB um bestu [aðgengilegu]<sup>42</sup> tækni við mengunarvarnir við meðhöndlun úrgangs (Waste Treatment Industries, BAT Reference Document, Agust 2006)

## [Fylgiskjal 2

### Greinargerð með breytingu á starfsleyfi 18. janúar 2021

#### 1. Almennt

Þann 19. október 2020 barst Umhverfisstofnun umsókn frá Köllu Sorpeyðingarstöð sf. um starfsleyfi fyrir lóðina Berghólabraut 7a sem verður viðbót við núverandi starfssvæði að Berghólabraut 7. Áformað er að nota lóðina sem geymslusvæði undir t.d. skipagáma þar sem geymdir verða varahlutir og rekstrarvara (nýjar sorptunnur, stórsekkir o.fl.) fyrir reksturinn.

Umhverfisstofnun vann tillögu að breyttu starfsleyfi og uppfærði á sama tíma laga-og reglugerðartilvísanir. Tillaga að breyttu starfsleyfi var auglýst opinberlega á vefsíðu stofnunarinnar á tímabilinu 25. nóvember 2020 til 4. janúar 2021. Tilkynning um auglýsinguna var send til rekstraraðila, Reykjanesbæjar og heilbrigðisnefndar Suðurnesja.

---

<sup>38</sup> Breyting 2021.

<sup>39</sup> Breyting 2021. Hér stóð áður: „39. gr. reglugerðar nr. 739/2003 um brennslu úrgangs og VI. viðauka tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB frá 24. nóvember 2010“.

<sup>40</sup> Breyting 2021. Hér stóð áður: „739/2003 um brennslu úrgangs“.

<sup>41</sup> Breyting 2021. Hér stóð áður: „fáanlegu“.

<sup>42</sup> Breyting 2021. Hér stóð áður: „fáanlegu“.

## 2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

Framkvæmdin er ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

## 3. Athugasemdir á auglýsingatíma starfsleyfistillögunnar

Engar athugasemdir bárust Umhverfisstofnun á auglýsingatíma.

## 4. Breytingar frá auglýstri tillögu

Greinargerðin var rituð við breytinguna á starfsleyfinu. Gr. 1.3 um eftirlit og gr. 1.7 um valdsvið, viðurlög og þvingunarúrræði voru uppfærðar. Gerð smávægileg breyting gerð á reglugerðartilvísun í gr. 3.8 um frágang íláta.

## 5. Gildistaka

Breytingin á starfsleyfinu öðlast þegar gildi. Starfsleyfið gildir til 21. september 2032.]<sup>43</sup>

---

<sup>43</sup> Greinargerð með breytingu þann 18. janúar 2021.